

- 146** og þar yfir Dragann, suður Svínadal og niður á Hvalfjarðarströndina, og svo inn
30. sept. ströndina að Botnsvogum.
d. Vegurinn yfir Botnsheiði.

6. Í Vestmannaeyjasýslu.

- a. Strandvegurinn.
b. Ofanbyggjaravegurinn.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 30. sept. 1878.

Bergur Thorberg.

- 147** Úthlutun vaxtanna af samskotasjóði Jóns Eiríkssonar frá 11. júní 1876 til 11. júní 1877.
Hafið úr jarðabókarsjóði samkvæmt ávísun landshöfðingja Kr. 536,00

Úthlutað.

til Þönglabakka prestakalls í Suðurþingeyjarprófastsdæmi . .	Kr. 134,00	
— Grímseyjar ——— - Eyjafjarðarprófastsdæmi . . .	— 138,00	
— Hvanneyrar ——— - ——— . . .	— 132,00	
— Knapptáða ——— - Skagafjarðarprófastsdæmi . . .	— 132,00	— 536,00

Skrifstofu biskupsins í Reykjavík, 1. apríl 1878.

P. Pjetursson.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 27. dag septbrmán. var málaflutningsmaður Guðmundur Pálsson settur til þess að taka við Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og gegna henni á eigin ábyrgð, meðan hún er laus.

Hinn 5. dag októbermán. var landshöfðingjaritari Jón Jónsson settur um stundarsakir málaflutningsmaður við yfirdóminn.

Hinn 5. dag nóvembermán. var að fengnu álitu hlutaðeigandi sýslunefndar löggilding sú, er 5. febr. þ. á. var gefin út handa praktiserandi lækni A. Tegner til þess sem settur um stundarsakir að gegna hjeraðslæknisstörfunum í 5. lækni-shjeraði apturkolluð frá 31. desbr. þ. á. að telja, og var hjer- aðslæknir Þorvaldur Jónsson á Ísafirði settur til þess frá sama tíma að gegna embætti þessu samkvæmt 3. gr. laga 15. okt. 1875.

ALÞINGISKOSNING.

Hinn 19. dag septembermán. voru kosnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu:

Friðrik Sigurður Stefánsson hrepstjóri á Vallholti og

Jón Jónsson landshöfðingjaritari í Reykjavík.

PRESTUR VÍGÐUR.

Hinn 13. dag októbermán. var Jóhann Lúther Sveinbjarnarson vígður að- stóðarprestur sira Daniels prófasts Halldórssonar á Hrafnagili í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.

YFIRSKATTANEFND.

Hinn 14. dag októbermán. skipaði landshöfðingi samkvæmt tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórn- ar þessa menn í yfirskattanefnd á Ísafirði:

S. J. Nielsen, bókhaldara,

Vilh. Hólm, verzlunarstjóra,

S. Símon Alexíusson, verzlunarstjóra,

og til vara Guðbjart Jónsson, verzlunarþjón.